

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 170/2016

2018/EES/19/07

frá 23. september 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/582 frá 15. apríl 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 333/2007 að því er varðar greiningu á ólífrænu arseni, blýi og fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum og tiltekna nothæfisviðmiðanir fyrir greiningu <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 0582**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/582 frá 15. apríl 2016 (Stjtúð. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 3).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/582, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtúð. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Bergdís Ellertsdóttir***

formaður.